

Forsætisnefnd Alþingis.

Með bréfi dags. 6. mars 2019 var undirritaður upplýstur um athugasemdir Björns Leví Gunnarssonar og Þórhildar Sunnu Ævarsdóttur við erindi sem undirritaður sendi forsætisnefnd til meðferðar þann 10. janúar sl. Í viðhengi við bréfið mátti finna greinargerð þingmannanna ásamt fylgiskjölum. Undirrituðum var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við upplýsingagjöf og málatilbúnað þingmannanna.

Í greinargerð þingmannanna er ófáum orðum varið í umfjöllun um tjáningarfrelsí kjörinna fulltrúa, svigrúm til takmarkana á tjáningarfrelsí og stöðu þingmannanna sem opinberra persóna. Samantektin er um margt áhugaverð og fróðleg. Það sætir þó furðu að umfjöllun þingmannanna um þessi atriði fái jafn mikið vægi og raun ber vitni, enda fékk forsætisnefnd ekki í hendurnar beiðni um að skera úr um það hvar mörk tjáningarfrelsí liggja í tilvikum ummæla er varða þjóðkjörna einstaklinga. Úrlausnarefní forsætisnefndar snýr að því hvort framferði þingmannanna og ummæli á opinberum vettvangi, þ.e. breytni þeirra og gjörðir í samhengi almennrar siðferðisvitundar og þeirra viðmiða og gilda sem samfélag okkar byggir á, hafi brotið í bága við ákvæði siðareglna fyrir alþingismenn.

Í greinargerð er vísað í a. og b. lið 5. gr. siðareglanna og telja ofangreindir þingmenn að hegðun þeirra hafið verið í samræmi við þessar reglur. Er það samkvæmt þeirra túlkun á reglunum þar sem þau hafi beitt sér gegn viðvarandi skorti á gagnsæi sem þau töldu eiga við um fyrirkomulag akstursgreiðslna þingmannna. Ef greinargerð með þingályktun þeirri er varð að siðareglum fyrir alþingismenn er skoðuð má sjá að með ákvæðinu „er leitast við að greina á milli réttmætra hagsmunárekstra sem upp geta komið og leiðir af starfi þjóðkjörins fulltrúa sem stendur fyrir tiltekinn málstað eða hagsmuni annars vegar og einkahagsmunu og ásýnd þeirra hins vegar.“

Það er undarlegt að þingmennirnir skuli skilja siðareglurnar með þeim hætti að baráttu þeirra fyrir auknu gegnsæi réttlæti tilhæfulausar aðdróttanir um brot pólitískra andstæðinga sinna á ákvæðum hegningarlaga. Hægur leikur er að heyja þá baráttu með heiðarlegri hætti.

Þá má í greinargerð þingmannanna finna umfjöllun um vítaleysi sannra ummæla. Með gagnályktun má ætla að ósönn ummæli séu vítaverð. Sú niðurstaða rímar ágætlega við þá meginreglu að einstaklingar skulu álitnir saklausir uns sekt sé sönnuð. Allavega er það svo, í huga undirritaðs, að í siðaðra manna samfélagi megi gera kröfu um það að pólitískur ágreiningur, hvers eðlis sem hann er, leiði aldrei til þess að stjórnámamenn geri tilraun til að útkljá hann á opinberum vettvangi með fullyrðingum um brot pólitískra andstæðinga sinna á ákvæðum hegningarlaga. Sú aðferðarfraði við að afla tilteknum skoðunum fylgis er aumkunarverð.

Einnig kemur fram í greinargerð þingmannanna að ummæli þau sem ég vísa til í fyrra bréfi mínu séu „öll hluti af stærri umræðu sem nauðsynlegt er að meta heildstætt.“ Við þessu verður að bregðast. Það að láta ærumeiðandi ummæli falla er brot eitt og sér, sama hvort þau hafi verið hluti af stærri umræðu eða ekki. Það er ekki hægt að skýla sér bakvið heildarumræðu því ummælin sem féllu voru gróf, ærumeiðandi og vel hægt að sleppa í þessu samhengi. Ekki er heldur hægt að skýla sér á bakvið tjáningarfrelsíð eins og reynt er. Þrátt fyrir að tjáningarfrelsíð


sé ekki til umræðu hér er vert að benda á að engum er fengið tjáningarfrelsi til að misnota það til tjóns fyrir aðra einstaklinga. Þá er það ekkert annað en orðhengilsháttur að halda því fram að ég hafi sjálfur tekið upp á því að kalla mig þjóf og ætla ég ekki að eyða frekari orðum í þessar ásakanir.

Að lokum má minna á að upphafið af þessum máli er erindi Björns Levís Gunnarssonar til forsætisnefndar 16. nóvember sl. þar sem hann ákvað að beina spjótum sínum að mér og að það skyldi athugað hvort ég hefði farið eftir siðareglum alþingismanna. Kom ég mínum sjónarmiðum á framfæri með svari til forsætisnefndar 23. nóvember sl. og í kjölfarið komst forsætisnefnd að þeirri niðurstöðu þann 26. nóvember sl. að „ekkert hafi komið fram sem gefi til kynna að hátterni hans hafi verið andstætt siðareglum fyrir alþingismenn, sbr. 3. mgr. 18. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Loks er það niðurstaða forsætisnefndar að ekki hafi komið fram upplýsingar eða gögn sem sýni að til staðar sé grunur um refsiverða háttsemi sem kæra beri sem meint brot á reglum forsætisnefndar um endurgreiðslu aksturskostnaðar til löggreglu.“

Kemur þessi niðurstaða forsætisnefndar eftir að öll ummæli þau sem ég kvarta yfir í fyrra bréfinu mínu höfðu fallið. Þau fíllu því áður en nokkur niðurstaða var komin í málið. Því tel ég nauðsynlegt að fá úr því skorið hvort ummæli þessi á opinberum vettvangi samrýmist siðareglum fyrir alþingismenn. Hér er verið að vega að einkahagsmunum mínum sem persónu og ég t.d. sakaður um hegningarlögabrot. Tel ég, eins og fram kom í fyrra erindi mínu til forsætisnefndar, að með þessum ummælum sé vegið alvarlega að æru minni og því þurfí að skoða þetta samhliða siðareglunum.

Þá er nauðsynlegt að geta þess að þrátt fyrir að ásakanir ofangreindra þingmanna gætu varðað við hegningarlög þá getur það eitt og sér ekki komið í veg fyrir að siðanefnd taki mál þetta fyrir. Björn Leví Gunnarsson sendi upphaflega erindi sitt til forsætisnefndar þar sem hann vildi að athugað yrði hvort settum reglum væri fylgt og biður um sérstaka skoðun á málum mínum. Það sama er uppi í þessu erindi mínu, beiðni um athugun á því hvort ofangreindir þingmenn hafi fylgt settum reglum, rétt eins og þeir vilja að ég fylgi settum reglum, sem og að ég gerði. Að öllu ofangreindu virtu ítreka ég því beiðni mína frá 10. janúar sl.

Reykjavík, 14. mars 2019

  
Ásmundur Friðriksson alþingismaður